

## GJALDSKRÁ

### fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í Bláskógabyggð.

#### 1. gr.

Bláskógabyggð innheimtir gjald fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í sveitarfélaginu skv. gjaldskrá þessari, sbr. samþykkt um fráveitur og rotþrær í Bláskógabyggð nr. 262/2008.

#### 2. gr.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennslislagna frá lóðarmörkum húseigenda við fráveitukerfi sveitarfélagsins skal vera sem hér segir:

Heimtaug 150 mm eða grennri	kr. 228.000
Heimtaug 151 til 200 mm	kr. 248.000
Heimtaug 201 til 250 mm	kr. 263.000

Semja þarf sérstaklega um stofngjald fráveitu á stöðum fjarri stofnlögnum holræsa, þ.e. yfir 20 metra og einnig ef um sérstakar úrlausnir fráveitumála er að ræða. Stofngjald fráveitu fylgir byggingarvísitölu. Grunnvísitala er byggingarvísitala, grunnur 2010, í nóvember 2020, 144,4 stig.

#### 3. gr.

Fráveitugjald skal greitt af öllum mannvirkjum sem tengd eru fráveitukerfum sveitarfélagsins. Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum. Fráveitugjald skal nema 0,25% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald. Gjald dagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignagjalda.

#### 4. gr.

Sveitarfélagið innheimtir árlega rotþróargjald til niðurjöfnunar á kostnaði við tæmingu rotþróa, skv. 18. gr. samþykktar um fráveitur og rotþrær í Bláskógabyggð.

Árlegt rotþróargjald þar sem tæming á sér stað þriðja hvert ár skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0–6.000 lítra	kr. 10.927
Rotþró 6.001 lítra og stærri	kr. 2.429 pr./m <sup>3</sup>

Árlegt rotþróargjald þar sem tæming á sér stað annað hvert ár skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0–6.000 lítra	kr. 16.386
Rotþró 6.001 lítra og stærri	kr. 3.644 pr./m <sup>3</sup>

Árlegt rotþróargjald þar sem tæming á sér stað á hverju ári skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0–6.000 lítra	kr. 32.782
Rotþró 6.001 lítra og stærri	kr. 7.290 pr./m <sup>3</sup>

#### 5. gr.

Fyrir aukahreinsun, að beiðni eiganda, greiðist eftirfarandi:

Aukahreinsun á rotþró í tengslum við aðra hreinsun	kr. 45.000
Aukahreinsun á rotþró sem sérferð	kr. 110.000

#### 6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 10. desember 2020, er sett með vísan til 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og á grunni samþykktar um fráveitur og rot-

Nr. 1511

18. desember 2020

þrær í Bláskógabyggð nr. 262/2008. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Frá sama tíma fellur úr gildi eldri gjaldskrá fyrir hirðu og meðhöndlun seyru í Bláskógabyggð nr. 1314/2019.

*Bláskógabyggð, 18. desember 2020.*

**Ásta Stefánsdóttir** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 8. janúar 2021